

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1702  
komudagur 28.4.2005

Reykjavík 28. apríl 2005

Til menntamálanefndar Alþingis  
Frá Starfsmannasamtökum ríkisútvarpsins (SSR)

Athugasemdir Starfsmannasamtaka ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

*Athugasemdir við IV. kafla 8. gr.*

SSR telur rangt að kjósa árlega í stjórn fyrirtækisins og sömuleiðis telja samtökin rangt að hægt sé að ráða nýjan útvarpsstjóra á hverju ári. Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að erfitt verður að marka ákveðna stefnu og setja fyrirtækinu skýr framtíðarmarkmið. SSR telur að stjórn og útvarpsstjóra ætti að kjósa til fjögurra ára í senn. Sama stjórn og útvarpsstjóri geti þó ekki setið lengur en átta ár samfellt. SSR telur að starf útvarpsstjóra beri að auglýsa og leggur áherslu á að faglegar forsendur liggi að baki ráðningu hans.

Þá telur SSR að starfsmenn ættu að eiga tvo fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins sf., sem hafi málfrelsi og tillögurétt á fundum. Starfsmenn eiga nú tvo fulltrúa sem sitja í framkvæmdastjórn RÚV og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. SSR telur að sömu lögmál ættu að ríkja í nýrri stjórn Ríkisútvarpsins sf. Það er nauðsynlegt fyrir starfsmenn að geta fylgst með því hvað er að gerast innan stofnunarinnar og geta haft þar áhrif með því að koma sjónarmiðum starfsmanna á framfæri.

*E-liður 9. gr. IV. kafla.*

Stjórn SSR skilur ekki hvað átt er við með að stjórnin eigi að gefa út reglur um fréttáflutning og vill að þessi liður málgreinarinnar falli niður. SSR getur aldrei fallist á að pólitískt kjörin stjórn geti á

einhvern hátt haft eftirlit eða sett reglur um fréttáflutning. Tryggja verður algjört sjálfstæði fréttastofanna.

## *II kafli*

### *Hlutverk og skyldur*

SSR gerir athugasemd við að lögin kveði á um að senda skuli út að minnsta kosti eina hljóðvarpsrás til alls landsins og telur að þær ættu að vera tvær. RÚV útvarpar nú á tveimur rásum til allra landsmanna og það tryggir fjölbreyttni í dagskrárframboði, auk þess sem það skilar RÚV miklum auglýsingatekjum.

SSR vill að bætt verði við nýrri grein sem yrði númer 4 og fjallar um umboðsmann hlustenda eða hlustendaráð.

SSR telur að þar sem á Ríkisútvarpið verði áfram í almannaeign og eigi að þjóna almenningi verði að gera ráð fyrir umboðsmanni hlustenda eða hlustendaráði sem væri skipað fulltrúum almennasamtaka. Hlutverk umboðsmanns eða hlustendaráðs yrði að taka við kvörtunum frá almenningi með formlegum hætti vegna dagskrár eða þegar fólki finnst það hafa verið misrétti beitt í fréttáflutningi eða þáttum á vegum ríkisútvarpsins.

## *V. kafli.*

SSR telur að það eigi að aflétta lífeyrisskuldbindingum af ríkisútvarpinu sem nú nema 2,6 milljörðum króna með árlegum afborgunum upp á rúmar 200 milljónir. SSR sér ekki hvernig verði hægt er að greiða þessar skuldir niður með þeim tekjum sem stofnuninni eru ætlaðar í framtíðinni. Þessar skuldbindingar á því skilyrðislaust að fella niður niður svo nýtt fyrirtæki hafi raunverulegan rekstrargrundvöll þegar litið er til framtíðar og geti áfram sinnt þeim verkefnum sem kveðið er á um í öðrum kafla, þriðju grein frumvarpsins, hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins sf.

## *VI. kafli*

SSR telur kaflan sem tekur á réttindum starfsmanna óljósan og mörgum spurningum ósvarað.

Kveða þarf skýrt á um að starfsaldur, biðlauna- og lífeyrisréttur sé tryggður með sama hætti og áður.

Aðeins er talað um A deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Tilgreina þarf hvað á við um B deild.

Hvernig verður kjarasamningum háttað?

SSR mótmælir því sem fram kemur í 3mgr að biðlaunaréttur falli niður ef starfmaður hafnar boði um starf á sambærilegum kjörum og hann hafði áður hjá nýju félagi. SSR telur að starfsmenn eigi að hafa rétt á að neita að taka starf hjá félagi sem rekið er með allt örum hætti en fyrirtækið sem þeir réðu sig til án þess að missa réttindi og t.d. hver úrskurðar um hvort kjör eða stöður eru sambærilegar.